

Drekanum í sundlaug Þorlákshafnar lokað



Ljósmynd: Teddi Elvar Owen

Tvær nýjar vatnsrennibrautir við Sundlaugina í Þorlákshöfn voru formlega opnaðar nú í lok desembermánaðar. Annarri rennibrautinni, sem ber nafnið

Drekin, hefur verið lokað í tímabundinn tíma vegna óhappa sem hafa orðið í rennibrautinni.

Í tilkynningu frá Sundlaug Þorlákshafnar er sagt að unnið sé

að ítarlegri rannsókn á orsökum atvikanna og verði rennibrautin lokað þar til fullvíst sé um að hún uppfylli öryggiskröfur.

„Við biðjumst velvirðingar

á þeim óþægindum sem þetta kann að valda og þökkum gestum fyrir skilning og þolinmæði,“ bæta þau við í lokin.

SEG



10 MEST LESNU FRÉTTIR ÁRSINS 2025

Nú þegar árið 2025 er liðið er við hæfi að líta yfir farinn veg og rifja upp tíu mest lesnu fréttir ársins 2025 hjá DFS.is.

Bls. 6

10 VINSÆLUSTU UPPSKRIFTIR ÁRSINS 2025

Sunnlenski matgæðingurinn hefur verið fastur liður Dag-skrárinnar í mörg ár. Fjöldinn allur af einstaklingum hafa deilt sínum uppskriftum með Sunnlendingum. Á nýju ári förum við hjá Dag-skránni yfir vinsælustu uppskriftir Sunnlenskra matgæðinga á árinu 2025 inni á DFS.is.

Bls. 9

Oddfellowbúðir nr. 6 Oddi á Suðurlandi veita jólastyrk í Rangárþing

Oddfellowbúðir nr. 6 Oddi á Suðurlandi hélt sinn árlega jólafund þann 9. desember þar sem félagar áttu notalega jólastund. Hefð er fyrir því að á jólafundi gefi búðirnar og félagar þeirra frjáls framlög til styrktar þeim sem minna mega sín á félagssvæði búðanna. Að venju safnaðist vegleg upphæð, sem

að þessu sinni rennur til styrktar einstaklingum og fjölskyldum í Rangárþingi sem þurfa á stuðningi að halda í aðdraganda jólahátíðarinnar.

Þrír félagar búðanna úr Rangárþingi heimsóttu af þessu tilefni sr. Kristján Arason sóknarprest í Breiðabólstaðarprestakalli og afhentu honum styrkinn í formi

úttektarkorta í matvöruverslun. Sr. Kristján mun svo útteila kortunum til þeirra sem á þurfa að halda.

Patríarkar í Odda vonast til að styrkurinn komi að góðum notum og senda íbúum í Rangárþingi og Sunnlendingum öllum bestu óskir um gleðiríka jólahátíð, frið og farsæld á nýju ári.



Meðfylgjandi mynd er tekin í Breiðabólstaðarkirju í Fljótshlíð við þetta tækifæri. Frá vinstri, Pétur Guðmundsson, sr. Kristján Arason, Guðjón Guðmundsson og Guðmundur Svavarsson.

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is



AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Bláskógabyggð óskar eftir að ráða bókara



Bláskógabyggð leitar að öflugum og skipulögðum bókara í 100% starf. Um er að ræða fjölbreytt og ábyrgðarmikið starf innan fjármálasviðs sveitarfélagsins. Starfsstöð er í Aratungu í Reykholti. Við leitum að nákvæmum og talnagleggum einstaklingi með áhuga á fjármálatengdum störfum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn bókhaldsstörf og skráning færslna
- Afgreiðsla og eftirlit með reikningum og innkaupum
- Móttaka erinda og símsvörun á skrifstofu sveitarfélagsins
- Afstemmingar á lykilreikningum
- Önnur tilfallandi verkefni innan fjármálasviðs

Hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhaldi, stúdentspróf eða önnur viðeigandi menntun skilyrði
- Góð tölvukunnátta – þekking á BC bókhaldskerfi (Microsoft Dynamics 365 Business Central) er kostur
- Góð færni í excel og vinna með talnagögn
- Nákvæmni, sjálfstæði og góð skipulagshæfni
- Lipur og þjónustulunduð samskiptafærni
- Færni til að vinna í teymi og takast á við fjölbreytt verkefni

Upplýsingar og umsókn:

Upplýsingar um starfið veitir Björgvin Guðmundsson fjármálastjóri, bjorgvin@blaskogabyggd.is eða í síma 480 3000.

Umsóknir skulu berast á www.alfred.is og rennur umsóknarfrestur út 26. janúar 2026.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Búið er að draga úr jólamyndagátunum

Jólamyndagátan er fastur liður í jólablaði Dagskrárinnar. Á hvert eru tvær myndagátur, ein fyrir fullorðna og önnur fyrir börn. Það var Eygló Gränz sem gerði gáturnar eins og undanfarna þrjá áratugi. Í verðlaun voru vegleg ísveisla frá Kjörís fyrir fullorðinsmyndagátuna og frostpinnaveisla fyrir barnamyndagátuna.

Mikill fjöldi lausna bárust Dagskránni og voru tveir einstaklingar dregnir út. Vinningshafar eru sem hér segir:

Myndagáta fyrir fullorðna:
Gunnar Þór Jóhannesson
frá Selfossi

Barnamyndagátan:
Valur Freyr Ivarsson

Fullorðinsgáta- lausn

Í dag er mikið rætt um gervi- greind og er ótti manna sagður ástæðulaus, því hún muni bara hjálpa til við mörg störf í framtíðinni, en ekki taka þau yfir. Áfram heldur ófriður í veröldinni og flóttamannavandinn eykst og effitt hjá flestum þjóðum að reyna að taka á þessum málum, svo nóg sé gert. Sýnum sam- hug á þessum válegu tímum.

Barnagátan- lausn

Enn er sungið gekk ég yfir sjó og land ef gengið er í kringum jólatréð eins og afi og amma gerðu líka þegar þau voru börn.



Lausn jólakrossgátu Dagskrárinnar

Jólakrossgátan er nýr liður í jólablaði Dagskrárinnar og skilaði fjöldi manns inn lausn af gátunni.

Lausnarorðið í jólakrossgátunni var **SNJÓKOMA**. Skúli Magnússon frá Hellu var dregin út sem sigurvegarari í ár og

hlýtur hann veglegan bókavinn- ing frá Bókaútgáfunni Sæmundi í verðlaun.

Jólakrossgáta Dagskrárinnar 2025

Lausnarorð: SNJÓKOMA

				Fristundar krossgátur Dagskráin ©	UNDIR HLOÐUM	VANTAR	VATNS- FALL Á MYRUM	GOTT EDLI	Fristundar krossgátur Dagskráin ©	HJARA	MEIRA HIKANDI	GORTAD	SÁ LENGST FRÁ DYR- UNUM				
VADA				Ö	S	L	A	FARM- LAUSI	T	Ó	M	I					
BRUNN- INN KVEIKUR				S	K	A	R	ÖVISSU EKKI SÉR- MENNTAD	Ó ⁴	V	O	N					
SKRIF- STOFAN				K ⁵	O	N	T	Ó	R	I	N	N					
ISKUR				U	R	G	BUNDINS STAF- RÆNN TÍMA- MÆLIR	F	A	S	T	S					
GORTA				S	T	Á	T	A	HAFDI SÆTI HREINSAD SKÖGAR- SVÆÐI	S	A	T					
TÁLBITI				A	T	I	MANADI ÞÖGGUN	Ö	G	R	A	Ð	I				
Fristundar krossgátur Dagskráin ©	↓	ÞEKK- INGU	SKJAL- FESTA	ÖHREINK- AD	SKÍT- VERKI	A			T	I	MANADI ÞÖGGUN	Ö	G	R	A	Ð	I
NAFN KONU	E	L	S	A	APAR SPRIKLAR	G			Ó	R	I	L	L	U	R	ADKOMA	KRAFTA- VERKS
ÆFINGA- STÖÐIN	R	Æ	K	T	I	N	RÚMSJÓ	HÉRAÐ- INU SÁR- KALDA	S	V	Æ	Ð	I	N	U		
MÓTMELT MEÐ REIÐI- HLJÓÐI	U	R	R	A	Ð	ERLEND- AR MÆLI- EININGAR ORT	Ú	N ²	S	U	R	KRÓKUR	UTAN VIÐ- BÓTAR- DRASLI	Á	N		
MEST METNA	↓	D	Á	Ð	A	S	T	A	POLGÆÐI SAM- RÆMA	Ú	T	H	A	L	D		
NÝFÆTT BARN	J	Ó	Ð	ÞJALIR ÞOR	R	A	S	P	A	R	SKYNN- FÆRI ÁLPIST	A	U	G	U		
FYRIR- HÖFN	Ó	M	A	K	LOFUD Í HLOÐAR- ELDHÚSI	M	Æ	R	Ð	HAGUR SPRIKLI	A	K	K	U	R		
RÓM- VERSK TALA	L	RÉTT KOMNU UR OFNI	MANNS- NAFN TRÚ- UDUM	J	Ó	I	FÖDRUD MANNS- NAFN	A	L	I	N	SVAR YRKIR	A	N	S		
INDIÁN- ANNA	I	N	K	A ⁸	N	N	A	ÞÁTT- TAKA GEISLA- VIKUR MÁL MUR	A	Ð	I	L	D	MÆLTUR	KRINGUM- STÆÐUR		
ÓNÖT- ADRI	N	Ý	R	R	I	KORN- TEGUND NEÐSTA FLÓT	R	Ú	G	I	DANSKAN MANN TIGNARI	J ³	Ó	T	A		
TJARA	↓	B	I	K	BÚA TIL GAT STÍF	B	O ⁶	R	A	ÓGNAD HEITIN	H	Ó	T	A	Ð		
HRÚGU	K	Ö	S	NIDJA MÚLI	S ¹	O	N	A	MIDA SAMUR	S	E	Ð	I	L	S		
ÁTTA Í HLJÓM- SVEIT	O	K	T	E	T	T	FORN- SAGA HEF NOT AF	N	J	Á	L	A	BARDAGI LANDS- SAMBAND	A	T		
HELLIS- OPIÐ	M	U	N	N	I	N	N	GAMLA TRALL- HLJÓÐ	A	L	D	R	A	Ð	A		
KONA SKALD- SKAPAR- GUÐSINS	I	Ð	U	N	N	GÖL	Ý	L	F	U	R	DAUFUR KLIDUR	S	U	Ð		
LÆRD	N	U	M ⁷	I	N	LÁGT NES	T	A	N	G	I	FRÁ BORGinni BELFAST	Í	R	A		



Fyrirtækjaráðgjafi á Selfossi

Fyrirtækjamiðstöð Suðurlands leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf fyrirtækjaráðgjafa. Viðkomandi þarf að vera áhugasamur og hafa metnað og vilja til að veita viðskiptavinum okkar úrvalsþjónustu.

Helstu verkefni

- Samskipti við forsvarsmenn fyrirtækja og aðra viðskiptavini
- Þjónusta og ráðgjöf við fyrirtæki
- Öflun nýrra viðskipta og viðhald viðskiptasambanda
- Undirbúningur, greining og vinnsla lánamála
- Önnur verkefni eftir nánara samkomulagi

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun, viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi hjá fjármála-fyrirtæki kostur
- Gott vald á notkun íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og kraftur
- Áhugi og þekking á íslensku atvinnulífi

Frekari upplýsingar um starfið veita Adólf Ingvi Bragason, útibússtjóri, adolf.ingvi.bragason@islandsbanki.is og Guðlaugur Örn Hauksson, ráðningarstjóri, guðlaugurh@islandsbanki.is.

Sótt er um starfið á islandsbanki.is
Umsóknarfrestur er til 14. janúar.



FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA

Heimasíða: www.ffer.is | Facebook: Ferðafélag Árnesinga
Netfang: ffarnesinga@gmail.com | Sími 848 8148

Brottför frá Fjölbrautaskólanum á Selfossi í flestar ferðir. Brottfarartími auglýstur á heimasíðu/fésbók þegar nær dregur og nánari upplýsingar um ferð. Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram. Allar ferðir geta tekið breytingu frá auglýstri dagskrá.

FERÐIR 2026

Inghóll

2 skór - 3. jan.
Hefðbundin fyrsta ganga ársins á Ingólfsfjall.
Vegalengd 9 km, hækkun 500 m.

Vörðufell

2 skór - 24. jan.
Vegalengd 9 km, hækkun 400 m.

Strandganga

3 skór - 21. feb.
Vegalengd 20 km, hækkun óveruleg.

Laugarvatns- og Snorrastaðafjall

2 skór - 14. mars
Vegalengd 15 km, hækkun 550 m.

Fjall eða fell í Grafningi

2 skór - 28. mars.
Valið eftir veðri og færð, vegal. 12 – 15 km og hækkun 500 m.

Ármannsfell

2 skór - 11. apríl.
Vegalengd 12 km, hækkun 600 m.

Ingólfsfjall

2 skór - 23. apríl.
Sumardagurinn fyrsti. Farin óhefðbundin leið á fjallið, leikið af fingrum fram.

Akrafjall

2 skór - 16. maí.
Vegalengd 16km, hækkun 1000 m.

Kálfstindar

3 skór - 30. maí.
Vegalengd 15 km, hækkun 1000 m.

Dyrafjöll, Marardalur, Engidalur, Húsmúli

2 skór - 13. júní.
Vegalengd 17 km, hækkun 400 m.

Jarlhettur

3 skór - 27. júní.
Leið verður valið eftir veðri og aðstæðum

Sumarferð Skaftafell

3 skór - 10. – 12. júlí.
Gönguleiðir teknar eftir veðri, kynnt frekar þegar nær dregur.

Skessuhorn

3 skór - 25. júlí.
Vegalengd 16 km, hækkun 900 m

Í fótspor smala á Holtamannafrétti

3 skór - 8. ágúst.
Vegalengd 17-20 km og hækkun 3-400 m.

Kirkjufell – Kirkjufellsvatn

2 skór - 22. ágúst

Ferð erlendis Suður - Tíról

29. ágúst – 5. sept.
Fyrir skráða félaga

Þórsmörk

2 skór - 26. – 27. sept.
Básar – fyrir skráða félaga

Nesjavellir – Hveragerði

3 skór - 10. okt.
Vegalengd 20 km, hækkun 450 m.

Litli og Stóri Meitill

2 skór - 31. okt.
Vegalengd 10 – 12 km, hækkun 400 m.

Búrfellsgjá – Húsfell

2 skór - 21. nóv.
Léttur hringur með svolitilli hækkun

Jólakakó

13. des.
sunnudagur

ATH. Ferðafélag Árnesinga tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð.

Félagið hvetur fólk til að kaupa ferða og slysatryggingu.

Ert þú ekki bara pólitíkus?

Ég er enginn pólitíkus, hef ég stundum heyrt fólk segja sem hefur brennandi áhuga á samfélagi sínu og hvernig því er stjórnað. Í grunninn þá snýst stjórnun sveitarfélags fyrst og fremst um að veita íbúum lög- bundna þjónustu á sem bestan hátt og bera ábyrgð á skipu- lagsmálum og rekstri sveitar- félagsins. Þetta eru líka þeir þættir sem snerta daglegt líf fólks hvað mest og nauðsyn- legt er að virki vel. Lögbundin þjónusta getur verið misgóð og sum sveitarfélög gera betur en önnur þegar kemur að útfærslu. Sama má segja um skipulags- mál. Fólk hefur á þeim sterkar skoðanir en oft er það aðeins of seint sem þær skoðanir koma fram, sérstaklega þegar sveitar- félög standa sig ekki nógu vel í að kynna það sem koma skal og gefa íbúum sveitarfélagsins að- komu að skipulagsferlum, sem þeir eiga sannarlega lögbundinn rétt á að vel sé staðið að.

Sveitarfélög eru sameign íbúanna sem þar búa. Svo sveit- arstjórn er smá eins og stjórn húsfélags. Hún ber ábyrgð á sameiginlegum fjármunum, nýt- ingu þeirra og að skapa sem best skilyrði fyrir búsetu sem á sama tíma stuðla að lífsgæðum þeirra sem deila fasteigninni.

Það er hægt að hafa áhrif

Fyrir fjórum árum vorum við nokkrir vinir sem ákváðum að hætta að ræða um það sem betur mætti fara við stjórnun sveitar- félagsins okkar við eldhús- borðið og stofnuðum nýjan lista, Íbúalistann í Ölfusi. Við fengum til liðs við okkur gott fólk sem hafði sömu markmið og gáfum kost á kröftum okkar í sveitar- stjórnaðkosningum 2022.

Við fórum af stað til þess að hafa áhrif og þrátt fyrir að hafa verið í minnihluta á þessu kjör- tímabili höfum við sannarlega haft áhrif á sveitarfélagið okkar. Ég nefni þrjú dæmi:

- Við stóðum með íbúum þegar kom að því að kynna hvað

raunverulega væri á bak við grjótmulningsverksmiðju Heidelberg sem átti að reisa ofan í fiskeldin í túnfæti Þor- lákshafnar. Héldum íbúafund þar sem við fengum fulltrúa frá Hafrannsóknarstofnun og Landvernd ásamt því að draga saman upplýsingar og umsagnir ýmissa stofnana eins og Vegagerðarinnar úr skipulagsgögnum um þessa framkvæmd. Nokkuð sem sveitarfélagið sjálft hefði átt að gera og kynna fyrir íbúum, en eftirlét Heidelberg alfarið að kynna verkefnið á sínum forsendum. Niðurstaðan var að íbúar höfnuðu verkefninu í íbúakosningu með afger- andi hætti.

- Við vorum eini flokkurinn með stofnun grænna iðngarða á stefnuskrá, eitthvað sem meirihlutanum sem skipaður er Sjálfstæðismönnum þótti greinilega góð hugmynd og keyrði áfram.
- Við kölluðum eftir því allt kjörtímabilið að unnin yrði atvinnustefna sem hafði fallið úr gildi fyrir nokkrum árum. Það hafðist loks um miðjan desember síðastliðinn að klára atvinnustefnuna, en alveg án aðkomu íbúa ef frá er talin gölluð íbúakönnun með örfaum svörum, sem vantaði að kynna miklu betur.

Það er nefnilega vel hægt að hafa áhrif sem kjörinn fulltrúi hvort sem maður starfar í minni- eða meirihluta. Best er auðvitað ef samstarf á milli flokka gengur vel og að allir vinni saman að markmiðum sem flest eru þess eðlis þegar á botninn er hvolft að allir eru sammála um. Sam- starf þvert á flokka gengur mjög vel í mörgum sveitarfélögum og aðkoma minnihluta er víða meiri en ég upplifði í Ölfusi. Það lærði ég í samtölum mínum við aðra sveitarstjórnarfulltrúa, til dæmis í gegnum öflugt samstarf Sam- taka sunnlenskra sveitarfélaga sem er mjög dýrmætt.

Ása Berglind
Hjálmarsdóttir

Þingkona
Samfylkingar í
Suðurlkjördæmi.



Á éééég að gera það?

Nú þegar flest framboð eru farin af stað að undirbúa komandi sveitarstjórnarkosningar þá vil ég hvetja ykkur öll sem látið hag sveitarfélagsins ykkur varða að hugleiða hvort möguleiki sé fyr- ir þig að bjóða fram þína krafta í þágu samfélagsins. Ef svarið við því er að það komi til greina þá er um að gera að fara á stúfana og hafa samband við framboð, eða hreinlega stofna nýtt.

Nú sit ég ekki lengur í bæjar- stjórn Ölfuss fyrir hönd Íbúalist- ans heldur á Alþingi fyrir hönd Samfylkingarinnar. Um land allt er ótrúlega öflugt Samfylkingar- fólk farið af stað og víða er mik- ill hugur í fólki. Það sama má segja um okkur í Ölfusi og ætl- um við sem stöndum að Íbúalist- anum að bjóða fram lista í nafni Samfylkingarinnar í samstarfi við fólk úr öðrum flokkum og óháðum. Fyrir hönd Íbúalistans færi ég þakki til þeirra sem hafa stutt við framboðið síðustu ár.

Samfylkingin stendur fyrir opnum fundi þriðjudaginn 13. janúar kl. 20 í Versölum þar sem við tökum á móti fólki sem vill gefa kost á sínum kröftum eða einfaldlega sýna stuðning sinn í verki með því að sýna sig. Við ætlum að eiga spjall um sam- eiginlegt áhugamál okkar allra, hvernig við búum til betra sam- félag. Verið hjartanlega vel- komin.

Ef þú sem þetta lest vilt gefa kost á þér fyrir Samfylkinguna ýmist í Ölfusi eða annars staðar í Suðurlkjördæmi máttu gjarnan senda mér línu eða hringja og ég vísa þér áleiðis.



Sunnlenski matgæðingurinn



Einfalt og gott lasagna

Matgæðingur vikunnar er Gunnar Karl Gunnarsson.

Ég þakka fyrir heiðurinn að fá að vera Sunnlenski matgæð- ingur vikunnar.

Ég ætla að sýna ykkur hvernig ég geri afar einfaldan en mjög góðan lasagna-rétt sem konan kenndi mér. Þessi réttur er fullkominn á þeim tímum sem maður veit ekkert hvað á að hafa í matinn og vill bara finna eitthvað einfalt en gott.

Uppskrifin er mjög sveig- janleg og einföld að það er engin nákvæm mæling á hrá- efnunum nauðsynleg að mínu mati. Ég hef alltaf bara prófað mig áfram og svo er alltaf hægt að bæta við t.d. öðru grænmeti eftir smekk.

Hráefni:

Olía
Ungnautahakk
Rauðlaukur
Vorklaukur
Hvítlaufsrif
Sveppir
Kotasæla
Ostur
Parmesan ostur
Lasagne pasta
Hvítlauks- og chili sósa

Ég byrja á að steika allar teg- undir lauks og sveppi í um 2 mín.

Ég skora næst á hana tengdamóður mína, Kristbjörgu Bjarna- dóttur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Ég tek það svo til hliðar af pönnunni og steiki hakkið.

Bæti svo lauknum og sveppunum út í hakkið og læt malla í um 5 mínútur.

Því næst bæti ég sósunni ofan í hakk-laukblönduna og læt malla á lágum hita í 10-15 mínútur.

Því næst tek ég fram eld- fasta mótið og set hakk, kota- sælu og lasagna-pasta í þessari röð og dreifi í eldfasta mótið 2-3 sinnum.

Best er að setja vel af osti yfir áður en rétturinn fer í ofn. Baka réttinn í ofni í um 30-35 mínútur á 180°C. Ég leyfi la- sagne-réttinum að kælast í um 10 eftir á.

Ég mæli með því að strá smá parmesan osti yfir og bera fram með hvítlauchsbrauði og meðlæti. Þá er ekkert eftir nema bara að njóta!

Halda lokað prófkjör í byrjun mars

Framsóknarfélag Árborgar mun í byrjun mars halda lokað prófkjör vegna sveitar- stjórnaðkosninga 2026, þar sem kosnið verður um þrjú efstu sæti listans. Kosningin fer fram

rafrænt og stendur yfir í sólar- hring. Atkvæðisrétt í prófkjör- inu hafa þeir, sem eru skráðir félagar í Framsóknarfélagi Árborgar 30 dögum fyrir kjördag. Niðurröðun sæta á lista verður

framkvæmd samkvæmt reglum Framsóknarflokksins.

Hafin er vinna við skipan kjör- og málefnaefndar og verður auglýst eftir frambjóð- endum á lista.

Gáta vikunnar

Tignarleg oft telja má, tengir saman beinar hliðar. Bakvið hælinn skýst á ská, skóp á tónlist, Alfreðs, Viðar.

Svar við gátu í blaði 2833: **BER**

1. Uppvís, að verða **ber** að einhverju. - 2. Nakinn, **ber**
3. Skjóllaus **ber** - 4. Lítil hnúskur í holdi, **ber**



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjórn: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bládamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeið: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansvottuð prentsmíða

Prentun: Prentmet Oddi



VIÐ ERUM FLUTT Í GAGNHEIÐI 17

Velkomin
í heimsókn
til okkar



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur




Límmiðar



Stimplar

Sími 482 1944
Gagnheiði 17, Selfossi
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is



Taktu þátt - x-S og óháðir í Árborg 2026

Hefur þú brennandi áhuga á að bæta nærsamfélagið þitt?

Val á framboðslista Samfylkingarinnar og óháðra í Árborg fer fram í lok janúar. Taktu þátt í að velja sigursveit jafnaðarfólks og óháðra í Árborg.

Kjörnefnd tekur við framboðum, tilnefningum og ábendingum um einstaklinga í framboð til og með sunnudagsins 25. janúar.

Í kjölfarið verður framkvæmd könnun á meðal skráðra félaga og stuðningsfólks Samfylkingarinnar og óháðra í Árborg sem raðar frambjóðendum í efstu sætin.

Kjörnefnd skipa þau; Arna Ír Gunnarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson og Soffía Sigurðardóttir.

Hafðu samband ef þú vilt gefa kost á þér eða skila inn ábendingum um mögulega frambjóðendur: xsarborg@gmail.com

x-S og óháðir í Árborg 2026



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður og ömmu,

Sigríðar Sæmundsdóttur
Túngötu 36, Eyrarbakka.



Trausti Sigurðsson
Sigmundur Traustason
Salka, Embla og Mirra

10 VINSÆLUSTU UPPSKRIFTIR ÁRSINS 2025

Sunnlenski matgæðingurinn hefur verið fastur liður Dagskrárinnar í mörg ár. Fjöldinn allur af einstaklingum hafa deilt sínum uppskriftum með Sunnlendingum. Á nýju ári fórum við hjá Dagskránni yfir vinsælustu uppskriftir Sunnlenskra matgæðinga á árinu 2025 inni á DFS.is.

1 Lygilega einfalt rækju-tagliatelle

Í fyrsta sæti með vinsælustu uppskrift ársins 2025 var matgæðingurinn Steinar Sigurjónsson. Hann sýndi hvernig hann gerir lygilega einfalt rækju-tagliatelle.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



2 Indverskur lambapottréttur

Sigurður Kristmundsson sýndi uppskrift að indverskum lambapottrétt sem móðir hans, Sigrún Guðlaugsdóttir, á allan heiður að.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



3 Einfaldur og góður kjúklingaréttur

Karen Elva Jónsdóttir bauð lesendum upp á einfaldan kjúklingarétt.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



4 Fiskiréttur með eplum, mangó chutney og rjómaosti

Tor Steinsson Sorknes sýndi lesendum hvernig hann eldar fiskirétt með eplum, mangó chutney og rjómaosti.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



5 Ótrúlega einföld aspas-smábrauð fyrir öll tilefni

Kristján Óðinsson deildi með okkur uppskrift að einföldu aspas-smábrauði sem hentar í öll tilefni.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



6 Kjúklingaréttur með núðlum og ýsa í soyja

Sigríður Guðlaug deildi tveimur uppskriftum. Annars vegar uppskrift að ljúffengum kjúklingarétt og svo bætti hún við góðum fiskirétt sem hefur verið í upphaldi á heimili Sigríðar í meira en 30 ár.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



7 Einfalt og fljótlegt skinku&beikon pasta

Rakel Guðmundsdóttir sýndi árið 2024 hvernig hún gerir einfalt og fljótlegt skinku og beikon pasta. Árið 2025 hefur greinin greinilega endurvakið athygli sína hjá lesendum.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



8 Andalæri í dós með ofnbökuðum gulrótum

Ingvi Már Guðnason deildi góðri uppskrift að andalæri í dós með meðlæti.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



9 Appelsínulambapottréttur

Eiríkur Arnarsson bauð lesendum upp á appelsínulambapottrétt.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



10 Eplakaka frá ömmu Ingvaldi og risarækjuréttur

Ingvaldur Guðjónsdóttir deildi uppskrift sinni að eplaköku sem amma og nafna Ingvaldar kenndi henni.

Skannaðu kóðann til að skoða uppskriftina



FRAMSÓKNARFÉLAG

ÁRBORGAR BOÐAR TIL

FÉLAGSFUNDAR

kl. 20:00

15. janúar

Sal Framsóknar, Eyravegi 15

Kosið verður um kjörnefnd Framsóknar í Árborg fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Öll velkomin!
Framsókn í Árborg



Ljóð vikunnar

NÝTT ÁR ÁN STRÍÐS

Yst í vaxandi hringiðu stríðsins hvílir árið sig.
Í Úkraínu hringja klukkur þar sem reykur ríkti áður;
úr öskunni á Gaza vaknar ólífutré til ljóssins
og forn sár Tælands og Kambódíu svolgra tært regn.
Náðarregnið bindur saman sundurtættan heim,
þróttlaus skepna reiðinnar forðar sér; barn náðarinnar
er fætt.

Skrásetjari næturinnar máir út harmakvein
mannkynsins
og skrifar í dögun —
þegar ný hlið opnast upp á gátt, hlýðir mannkynið
hjartanu.

Byeong Cheol Kang, Kóreu

Mynd: Hlið himnaríkis,
Varenn, Comovatr, mynd eftir Walfrido

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- 1. Lindarbær 1A L165304, skilgreining svæðis, sólarsellugarður og gróðurbelti, aðalskipulagsbreyting - 2510003**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. nóvember 2025, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Lindarbær 1A L165304. Áætlað er að land verði áfram skilgreint sem landbúnaður með heimild til orkuvinnslu. Búfé verður beitt á lífrænt vottað land og að landbúnaður sé ríkjandi landnotkun. Auk þess verður heimilt að nýta landið til uppsetningar á sólsellum (ljósrafljóðum) til raforkuframleiðslu og framleiða allt að 2,4 MW. Stefnt er að því að raforkan verður seld inn á dreifikerfi Rarik.
- 2. Hverabraut 7, 9, 11 og 16 til 18.; Breytt skilgreining; Uppbygging hótels verslun og þjónusta; Aðalskipulagsbreyting - 2512023**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember 2025, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og breytinga á deiliskipulagi. Svæðið sem breytingin nær til er Hverabraut 7, 9, 11 og 16 til 18. Í breytingunni felst að heimilt verður að vera með hótél með 160 herbergjum, veitingasal og leiksvæði á lóðunum.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur skipulagslýsinga eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

- 3. Lindarbær 1A L165304, skilgreining svæðis, sólarsellugarður og gróðurbelti, deiliskipulagsbreyting - 2510004**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. nóvember 2025, að kynna skipulagslýsingu er varðar nýtt deiliskipulag fyrir Lindarbæ 1A L165304. Áætlað er að land verði áfram skilgreint sem landbúnaður með heimild til orkuvinnslu. Búfé verður beitt á lífrænt vottað land og að landbúnaður sé ríkjandi landnotkun. Auk þess verður heimilt að nýta landið til uppsetningar á sólsellum (ljósrafljóðum) til raforkuframleiðslu og framleiða allt að 2,4 MW. Stefnt er að því að raforkan verður seld inn á dreifikerfi Rarik. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi mannvirkja innan jarðarinnar ásamt aðkomu, plönun og nánar gerð grein fyrir framkvæmdum.
- 4. Klausturhólar L177600; Uppskipting námusvæðis í tvo hluta; Deiliskipulag - 2511042**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. desember 2025, að kynna skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags sem tekur til Klausturhóla L177600 í Grímsnes- og Grafningshreppi, í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhugað deiliskipulag nær til hluta námusvæðis Klausturhólar (E17) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Efnistökusvæðið er um 18 ha að stærð, þar er heimiluð malarnáma fyrir allt að 200.000 m3 ásamt efnislosun. Fyrirhugað er að skipta efnistökusvæðinu í tvennt og verða um 13-15 ha af land innan deiliskipulagssvæðis. Deiliskipulagið mun taka til nýtingu svæðisins og frágangi þess til næstu 15 ára en áætlað er að loka svæðinu 2040. Áætlað er að vinna allt að 150.000 m3 af efni úr námunni, samhlíða vinnslunni verður unnið að landmótun og frágangi svæðisins. Gerð verður minniháttar breyting á aðalskipulagi þar sem efnistökusvæðinu E17 verður skipt upp í tvennt og verður nýtt svæði skilgreint fyrir norðurhlutann, eða þess hluta svæðis sem nú er innan E17 og innan upprunalands Klausturhóla í Grímsnesi (L168258). Innan þess svæðis verður heimiluð efnistaka fyrir allt að 50.000 m3 og verður fyrir utan fyrirhugaða afmörkun á deiliskipulagssvæði. Skilmálar E17 verða því líft breyttir, umfram það að svæðinu verður skipt upp.
- 5. Einiholt 2 L180525; Skilgreining svæðis, íbúðar- og atvinnuhús; Deiliskipulag - 2512017**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember 2025, skipulagslýsingu til kynningar vegna deiliskipulags fyrir íbúðar- og útihús og atvinnustarfsemi á jörðinni Einiholt 2 L180525 í Bláskógabyggð. Á jörðinni er íbúðarhús og útihús þar sem stundað er kjúklingaeldi og einnig er þar flugbraut. Landeigandi hyggst byggja nýtt íbúðarhús með bílskúr, 5 gestahús, hesthús með reiðhöll, flugskýli og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Á núverandi bæjatorfu er fyrirhugað að byggja 2 hús til viðbótar fyrir kjúklingaeldi. Í aðalskipulagi er jörðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði og flugbraut. Ekkert deiliskipulag er í gildi á jörðinni.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

- 6. Melar L166840: Staðfesting lóðarmarka, sameining byggingarreita, vegleið felld niður; Deiliskipulagsbreyting - 2512004**

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. desember 2025, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Mela L166840 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að lóðamörk eru uppfærð til samræmis við samþykkt lóðarblöð, tveir byggingarreitir fyrir gróðurhús eru sameinaðir í einn og vegur sem áður lá milli Mela og Hrafnkelsstaða 2A verður lokaður og ný vegtenging fyrirhuguð vestan við lóð Mela.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

- Mál 1. og 3. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 8. janúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 6. febrúar 2026.

Mál 2. 4. og 5. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 8. janúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 30. janúar 2026.

Mál 6. innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 8. janúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 20. febrúar 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar:

Aðalskipulagsbreyting – Verslunar- og þjónustusvæði Vþ9

Óveruleg breyting er gerð á skilmálum aðalskipulags Árborgar 2020-2036, er varðar verslunar- og þjónustusvæði Vþ9 á Selfossi. Svæðið sem um ræðir er staðsett á horni Norðurhóla og Suðurhóla vestan svæðis S11. Tilgangur breytingarinnar er að skilgreina tímabundnar heimildir fyrir uppsetningu færanlegra kennslustofa inn á svæðinu.

Allar upplýsingar máls, eru aðgengilegar á skipulagsgatt.is (málsnr. 1693/2025)

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi Árborgar

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í:
„Leikskólinn Jötunheimar viðbygging
- byggingarstjóri og framkvæmdaefirlit“



Verkið felst í byggingarstjórnun og framkvæmdaefirliti við byggingu u.þ.b. 1.100 fermetra viðbyggingar á leikskólabyggingu sem inniheldur 6 deilda leikskóla í Sveitarfélaginu Árborg. Forsendur verkefnisins eru að byggja viðbyggingu við fyrirliggjandi Leikskólann Jötunheimar að Norðurhólum 3 á Selfossi, ásamt að framkvæma ýmsar minniháttar breytingar í eldri byggingu. Í fyrri áfanga leikskólans var byggður 6 deilda leikskóli sem var tekinn í notkun 2007. Í þessum áfanga er gert ráð fyrir viðbyggingu til suð-vesturs. Í viðbyggingu er gert ráð fyrir rýmum sem samanstanda af tengingangi, fataklefum, heimasvæðum deilda, hvíldarherbergjum, leikherbergjum, salernum, geymslum, sal, aðstöðu kennara og stjórnendarymi, kaffistofu, listasmiðjum, göngum, tæknirými, anddyri og fatahengi. Um er að ræða eins hæða staðsteypta byggingu. Byggingin er einangruð að utan og klædd með vandaðri Steni klæðningu.

Verktími: Mars 2026 til ágúst 2027

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu AjourTender

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/c3c49c7f-b0e2-437a-8158-0cfe2eb4aff8>

Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar í síma 519-1777. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru bjóðendur hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila tilboðsgögnum inn.

Skilafrestur tilboða er til kl. 11:00 miðvikudaginn 14. janúar 2026

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund, í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Aðalfundur Hestamannafélagsins Ljúfs

Verður haldinn í Félagsheimili Ljúfs, fimmtudaginn 15. janúar 2026 kl. 19:00.

Dagskrá fundarins:

- Kosning tveggja stjórnarmeðlima og eins varamanns í stjórn
- Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Hmf. Ljúfs



Suðurland leiðir vöxt heildararvinnutekna á landsvísu

Ný skýrsla Byggðastofnunar um tekjur einstaklinga eftir svæðum árin 2008–2024 leiðir í ljós að Suðurland hefur sýnt hvað mesta viðspyrnu og vöxt allra landshluta á undanförunum árum. Þrátt fyrir áskoranir í efnahagslífinu sker landshlutiinn sig úr með mikilli aukningu heildararvinnutekna, sem drifin er áfram af öflugu atvinnulífi og fólksfjölgun.

Mesti vöxturinn frá 2017


Þegar horft er til lengri tíma, eða frá árinu 2017 til 2024, hafa heildararvinnutekjur á Suðurlandi aukist meira en í nokkrum öðrum landshlutum. Vöxturinn nemur um 33% á tímabilinu, en til samanburðar var vöxturinn 32% á Suðurnesjum og minni annars staðar.

Árið 2024 hélt Suðurland áfram að leiða vöxtinn á landsvísu. Heildararvinnutekjur jókst um 2,1% milli ára á Suðurlandi, á sama tíma og vöxturinn var 1,5% á Suðurnesjum og samdráttur mældist á Austurlandi.

Samsetning tekna og áhrif ferðabjónustu

Sérstaða atvinnulífs á Suðurlandi endurspeglast skýrt í tölunum. Rekstur gisti- og veitingastaða vegur þungt og stóð greinin fyrir 10% af heildararvinnutekjum landshlutans árið 2024.

Athygli vekur að hlutdeild hefðbundinna atvinnutekna af heildartekjum íbúa (þegar lífeyrir, bætur og fjármagnstekjur eru taldar með) er lægri á Suðurlandi en víða annars staðar, eða 67%. Ástæðan virðist liggja í öðrum tekjuliðum. Árið 2023 var hlutdeild fjármagnstekna til dæmis hæst á Suðurlandi af öllum landshlutum, eða 15%, sem



Hlutdeild tekjuliða í heildartekjum landshluta.

bendir til umsvifa í eignamyndun og viðskiptum á svæðinu.

Fólksfjölgun og tekjur á íbúa

Þótt heildartekjur svæðisins hafi vaxið hratt hefur fólksfjölgun verið mikil á sama tíma, eða 26% frá árinu 2017. Þessi hraða fjölgun hefur áhrif þegar tölurnar eru skoðaðar niður á einstaklinga. Líkt og í flestum öðrum landshlutum lækkuðu atvinnutekjur á hvern íbúa (að raunvirði) milli árunna 2023 og 2024. Kynjamunur atvinnutekna á launþega á Suðurlandi var 29,7% árið 2024, sem er hærra hlutfall en á höfuðborgarsvæðinu en lægra í mörgum öðrum landshlutum.


Vöxturinn færir út í dreifbýlið

Greining eftir tekjussvæðum sýnir áhugaverða þróun innan landshlutans árið 2024. Mest aukning heildararvinnutekna var í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi, eða 6,6%, og í Rangárvallasýslu nam vöxturinn

4,4%. Til samanburðar jukust tekjurnar um 3,9% í Árborg. Þetta gefur vísbendingar um að vaxtarbroddurinn sé ekki eingöngu bundinn við stærstu þéttbýliskjarnana heldur sé einnig mikill kraftur í dreifbýlinu og þeim svæðum þar sem ferðabjónusta er ríkjandi.

Hvar er landbúnaðurinn?

Í þessu samhengi er þó rétt að hafa ákveðinn fyrirvara varðandi tölfræði landbúnaðarins. Gögnin í skýrslunni byggja á staðgreiðslugögnum og ná því ekki yfir rekstur einyrkja sem eru með rekstur á eigin kennitölu. Þetta kemur niður á mælingum á umfangi landbúnaðar þar sem stór hluti bændna rekur bú sín sem einyrkjar. Tekjur þeirra skila sér í gegnum skattframtöl en eru þar ekki sundurliðaðar eftir atvinnugreinum, sem þýðir að raunverulegt vægi landbúnaðar á Suðurlandi er vanmetið í þessum tilteknu gögnum.



Hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum landshluta árið 2024.

PÓLYHÚÐUN OG SANDBLÁSTUR

VÖNDUÐ OG SLITSTERK ÁFERÐ FYRIR MÁLMHLUTI

- ✓ Hlutir allt að 4,5 metrar í pólýhúðun
- ✓ Hlutir allt að 12 metrar í sandblæstri
- ✓ Fjölbreytt lita úrval
- ✓ Stór og smá verkefni

FAGMENNSKA - GÆÐI - ENDING

HAFÐU SAMBAND Í DAG!

KRAFTHÚÐUN

801 Selfoss
Sími 789 3511

VÍSINDA OG RANNSÓKNAR SJÓÐUR SUÐURLANDS

OPNAÐ HEFUR VERIÐ FYRIR UMSÓKNIR Á WWW.HFSU.IS

Styrkir til námsmanna sem vinna að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnið skal tengjast Suðurlandi

UMSÓKNARFRESTUR TIL 26. JANÚAR 2026.

10 MEST LESNU FRÉTTIR ÁRSINS 2025

Nú þegar árið 2025 er liðið er við hæfi að líta yfir farinn veg og rifja upp tíu mest lesnu fréttir ársins 2025 hjá DFS.is.



1 Bræður opna nýja hringrásarverslun á Selfossi

Bræðurnir Styrmir Jarl Rafnsson og Hlynur Snær Jóhannesson opnuðu á árinu nýja hringrásarverslun í Hrísmýri 5 á Selfossi sem ber nafnið Venus. Fólki gefst tækifæri til þess að gefa fötunum sínum nýtt líf.



2 Eitt glæsilegasta kökuhlaðborð landsins í Hveragerði

Hjónin Jóna Sigríður Gunnarsdóttir og Guðmundur Magnús Nielsen reka Rósakaffi. Á Rósakaffi hefur í mörg ár verið boðið upp á fjölbreytt matarúrval þar sem hægt er að fá hefðbundinn sjoppumat hvenær sem er á opnunartíma og heimilismat í hádeginu. Einna vinsælast í Rósakaffi er eitt glæsilegasta kökuhlaðborð landsins sem boðið hefur verið upp á á nánast hverjum sunnudegi frá 2022.



3 „Heimamaðurinn heldur manni gangandi“

Veitingastaðurinn Byrja á Selfossi fagnaði eins árs afmæli á árinu. Hjónin Vigfús Blær Ingason og Christine Rae reka staðinn saman. Við hjá dagskránni tókum viðtal við Vigfús sem sagði frá upphafi og þróun rekstursins á veitingastaðnum.



4 Glænýr verslunarkjarni verður til á Selfoss

Í maí á liðnu ári opnaði nýr verslunarkjarni á Selfossi þar sem fimm spennandi verslanir hófu starfsemi sína samtímis. Meðal verslana sem opnuðu var hin alþjóðlega þekktá tískuverslun Gina Tricot, ástsæla íslenska bókabúðin Penninn-Eymundsson, H verslun sem slegið hefur í gegn og Emil og Lína, heillandi verslun með íslenskan fatnað og vörur fyrir börn.



5 Mikil ró og virðing einkennir íslenska skóla

16 kanadískir kennaranemar frá Nova Scotia voru í starfsnámi í Vallaskóla, Sunnulækjaskóla, BES og FSu ásamt prófessorunum Andrew Foran og William Walters. Andrew segir Ísland uppáhaldsstaðinn sinn til að koma með kennaranema þar sem kerfið sé gott hér. Blaðamaður settist niður með Andrew, William og Páli Sveinssyni, skólastjóra Vallaskóla, og ræddi muninn á íslensku og kanadísku skólakerfi.



6 Minnst 17 bílar skaddaðir eftir djúpar og miklar holur

Fjölmargir ökumenn lentu í vandræðum í Kömbunum og á Hellisheiði vegna slæmra hola sem mynduðust eftir umhleypingar í veðri í febrúar. Blaðamaður taldi minnst 17 bíla sem voru stöpp í vegkanti eftir að hafa keyrt í holurnar á leiðinni til Reykjavíkur.



7 Þrjár konur reka eina sjálfstætt starfandi apótekið á Suðurlandi

Það urðu breytingar hjá Apóteki Suðurlands þegar eigendaskipti urðu á apótekinu. Í dag eiga þær Guðmunda Þorsteinsdóttir, Ásrún Karlsdóttir og Bergrún Linda Björgvinsdóttir jafnan hlut í fyrirtækinu. Í samtali við Dagskrána ræddu þær um markmið og áherslur apóteksins.



8 Öskraði, hló og grenjaði í klukkutíma

Dagskráin tók viðtal við leikkonuna og Hellubúann Helgu Melsted. Á árinu fékk Helga inngöngu á leikarabraut í Listaháskóla Íslands. Helga segir frá reynslu sinni og áhuganum á að leika á sviði og lýsir spennufallinu á að fá inngöngu á námið hjá LHÍ.



9 Lista stærsta skip sem komið hefur til Þorlákshafnar

Stærsta flutningaskip sem komið hefur til Þorlákshafnar lagðist að Suðurvararbryggju. Skipið heitir MV Lista en það er 193 metra langt og 26 metra breitt. Mikill fjöldi fólks lagði leið sína í höfnina til að líta skipið augum.



10 Ný fóttaaðgerðastofa opnuð á Selfossi

Ný fóttaaðgerðastofa var opnuð á Selfossi í mars sem ber heitið Fóttaaðgerðastofa Suðurlands. Það eru Dagný Ragnarsdóttir og Ída Bjarklind Magnúsdóttir sem ákváðu að taka höndum saman, innréttu fyrrum lagerrýmið sem fóttaaðgerðastofu og auka þar með þjónustu fyrir fóttaaðgerðir á Suðurlandi.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14

Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13

Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16

Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14

Opíð hús

Fimmtudagar lokað

Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13

Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krukus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

FUNDIR

Vöflukaffi

Fyrsta vöflukaffi ársins
verðu haldið laugardaginn
17. janúar kl. 11-12 að
Eyravegi 15. Gestur verður
Lilja Rannveig
Sigurgeirsdóttir ritari
Framsóknarflokksins.

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga Nidra byrjar

12. jan. kl. 17:00

14. jan. kl. 17:30

16. jan. kl. 10:00

**Ragnhildur
Sigurðardóttir**
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttatræðum,
nálastunur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumdafi,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhalld • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalld - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Ungmennahús í Hveragerði

Fulltrúar Okkar Hveragerðis í bæjarstjórn og nefndum Hveragerðisbæjar hafa unnið statt og stöðugt að því að tryggja íbúum framúrskarandi þjónustu og lífsgæði í bæjarfélaginu. Rík áhersla hefur verið á fjölskylduvænt samfélag sem mótast að mörgu leyti meginsteifið í stefnumálefnum Okkar Hveragerðis og málefnaþróuninni núverandi meirihluta bæjarstjórnar. Unnið hefur verið markvisst að því að gera þessar áherslur að veruleika á kjörtímabilinu með margvíslegum stuðningi við fjölskyldur, börn og ungmenni.

Okkar Hveragerði leggur áherslu á að tekið verði betur utan um ungmennin okkar. Á kjörtímabilinu var loks komið á fót virku ungmennaráði sem er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Hveragerði. Frístundamiðstöðin Bungubrekka fer með stuðning og utanumhald ráðsins og er þeim til halds og trausts. Seta í ungmennaráði er launuð, líkt og önnur nefndarseta á vegum bæjarfélagsins, ólíkt því sem verið hefur við fyrri árangurslausar tilraunir til starfrækslu virks ungmennaráðs á vegum bæjarfélagsins. Það er afar mikilvægt að unga fólkið okkar hafi tækifæri til að láta rödd sína heyrast



um þau málefni sem þau varða, og hafi tækifæri til að hafa áhrif á þá þjónustu sem þeim er veitt og umhverfi sitt að öðru leyti. Það er því mikið fagnaðarefni að sjá hversu öflugt starf er nú farið af stað hjá nýju ungmennaráði Hveragerðisbæjar og það verður spennandi að vinna með þeim að bættum hag barna og unglunga í bæjarfélaginu.

Hveragerðisbær statar af afar metnaðarfullu starfi Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku. Innan Bungubrekku er starfrækt öflug félagsmiðstöð þar sem ungmenni á aldrinum 10-16 ára geta varið frítíma sínum án áfengis og vímuefna. Þar fer fram faglegt starf með áherslu á gildi forvarna, sköpunar og mismunandi tegunda náms. Félagsmiðstöðvar eru einkar mikilvægur stuðningur við ungmenni á þessum aldri og hafa það hlutverk að stuðla að jákvæðum og umhverfi og gera þau sjálfstæðari, bæði í verki og félagslegum samskiptum og gera þau hæfari til að takast á við lífið.

Engin félagsmiðstöð er þó starfrækt fyrir ungmenni eldri en 16 ára, þó að þörfin fyrir samþættingu stuðnings sé ekki síður mikilvægur á þeim mikilvægu mótunarárum þegar einstaklingar ganga í gegnum miklar breytingar með tilfærslum á milli skólastiga, oft breyttrar búsetu og umtalsverðra breytinga á félagslegu umhverfi. Í þessu ljósi

hefur ákall verið um úrræði til að taka betur utan um ungmenni á aldrinum 16-20 ára. Það ákall var sérstaklega áréttað á fundi ungmennaráðs nýverið þar sem ræddir voru möguleikar á opnun ungmennahúss á yfirstandandi vetri. Var þar ákveðið að halda opið ungmennahússkvöld í samráði við Bungubrekku.

Í ljósi framangreinds hefur meirihluti bæjarstjórnar haft til skoðunar að koma á fót með formlegum hætti ungmennahúsi fyrir einstaklinga á aldrinum 16-20 ára í Hveragerði þar sem hægt verður að veita áframhaldandi stuðning við ungmenni eftir 16 ára aldur og félagslegan vettvang fyrir samkomur og samveru ungmenna á þessum aldri. Okkar Hveragerði leggur ríka áherslu á að slíkt ungmennahús verði opnað á yfirstandandi vetri í góðri samvinnu og samtali við Bungubrekku og ungmennaráð.

Okkar Hveragerði heldur áfram að leita leiða til að styðja enn betur við barnafjölskyldur í Hveragerði og hvetur ungmenni til að láta rödd sína heyrast og taka þátt í samtali um leiðir til að skapa gæðaríkari þjónustu og umhverfi ungmenna í bæjarfélaginu. Við hlökkum til samtalsins og samvinnunnar!

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir
Bæjarfulltrúi Okkar
Hveragerðis
Varaformaður bæjarráðs
Hveragerðisbæjar

Frumsamín áramótahugvekja

Í gömlu íslensku tímatali byrjar mánuðurinn «Mörsugur» þegar veturinn er dimmastur. Sólin hangir lágt, dagarnir eru stuttir, og jörðin sefur undir hvítum feld. En einmitt þá, þegar myrkrið virðist ríkjá, kemur sagan um barnið í jötuni — Jesús, sem fæðist í kyrrðinni og kveikir ljós sem enginn skuggi getur slökkt.

24. desember byrjar dagurinn að lengjast, lítið eitt á hverjum morgni, eins og himinninn sjálfur sé að vitna um nýtt upphaf. Tólf dögum síðar, á Þrettándanum, birtast vitringarnir. Þeir koma úr fjarlægum löndum, fylgja stjörnu sem leiðir þá að ljósinu, og með þeim kemur opinberun: Þessi frelsari er ekki aðeins fyrir eitt fólk, heldur fyrir alla menn.

Á Íslandi blandast þessi kristna saga við eldri þjóðtrú. Á Þrettándanum höldum við Álfabrennu, sendum jólasveinana aftur til fjalla og við heiðrum huldufólkið. Það er eins og tvær heimsmyndir — sú forna og sú nýja — gangi saman í dansi um eldinn. Ljósinn loga bæði til að gleðja menn og til að friða álfa.

Lokaorð:

Þannig verður þessi tími brú milli trúar og náttúru, milli himins og jarðar. Ljós Krists og ljós eldsins tala sama tungumál: að myrkrið hefur ekki síðasta orðið.

Steinar Stefánsson

Sigurhæðir - miðstöð þolenda kynbundins ofbeldis á Suðurlandi

Þann 15. desember s.l. var haldinn á Hótel Stracta á Hellu stofnfundur sjálfseignarstofnunar Sigurhæða miðstöðvar þolenda kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Aðdragandann að þessari stofnun má rekja til ársins 2020 þegar að Hildur Jónsdóttir ein systir í Soroptimistaklúbbi Suðurlands kom með tillögu að tilraunaverkefni „þolendamiðstöð gegn kynbundnu ofbeldi á Suðurlandi“. Á fyrsta stjórnarfund klúbbsins eftir sumarfrí það ár var ákveðið að leggja af stað í þessa vegferð. Stofnfundur Sigurhæða var haldinn 20.mars 2021 í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Í upphafi grunaði engri okkar að þörfin á þessari þjónustu væri slík sem raun ber vitni. Heyrðum jafnvel að engin kona í þessu og hinu sveitarfélaginu þyrfti á þessari þjónustu að halda. „Þetta er ekki hjá okkur“. En raunveruleikinn er sá að skjólstæðingar Sigurhæða koma úr nær öllum pósnúmerum á Suðurlandi og hafa 452 konur komið í Sigurhæðir á þessum tæpu 5 árum. Frá upphafi hefur starfað hjá Sigurhæðum úrvals fagfólk á sviði sálsgæslu - og uppbyggingar skjólstæðinga sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi. Öll sveitarfélögin á Suðurlandi auk lögreglu - og sýslumannsembætanna sem og Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafa verið og eru samstarfsaðilar verkefnisins.

En... nú er þetta ekki lengur tilrauna-

verkefni. Niðurstaðan er sú að mikil þörf er á þessari þjónustu í heimabyggð. Soroptimistastystur á Suðurlandi hófu umræðu um sjálfseignarstofnun Sigurhæða fljótlega eftir 4 ára afmælið í mars 2025 að stjórn þeirra færu úr höndum klúbbsins og var ástæðan fyrst og fremst niðurstaða þjónustukönnunar Sigurhæða frá því í september 2024 sem Kristín A. Hjálmarisdóttir sjálfstætt starfandi kynjafræðingur gerði. En þar segir Kristín:

„Framtíðarsýn fyrir Sigurhæðir virðist í megindráttum nokkuð skýr og óhætt að segja að hún sé bæði björt og metnaðarfull. Hún einkennist af sýn á Sigurhæðir sem farsælt samstarfsverkefni með vel skilgreint hlutverk og tryggn fjárhagslegan grundvöll sem býður upp á fjölbreytta hágæða - stað - og fjarþjónustu fyrir þolendur af öllum kynjum, börn þeirra og fjölskyldur, sinna fjölbreyttu fræðsluhlutverki og er leiðandi á sínu sviði“.

Kristín Anna hafði áður gert þjónustukönnun í maí 2022 og þar segir í lokaorðum: „þegar á heildina er lítið hefur Sigurhæðaverkefnið gengið afskaplega vel. «Soroptimistaklúbbur Suðurlands og samstarfsaðilar hafa náð öllum markmiðum sínum þó alltaf sé tækifæri til að gera enn betur. Á aðeins einu ári hefur tekist að þróa nýtt metnaðarfullt meðferðarúræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis sem samstarfsaðilar nýta og

treysta. Skilaboð þjónustuþega til stjórnenda eru skýr; Ekki hætta - þið megið alls ekki hætta!.

Í sumarbyrjun 2025 var skipuð undirbúningsnefnd að þessari stefnumótunavinnu og var Þórný Björk Jakobsdóttir Soroptimistaklúbbi Suðurlands formaður nefndarinnar. Aðrar með henni voru skipaðar Arna Ýrr Gunnarsdóttir verkefnastjóri farsældarsviðs hjá SASS, Margrét Frimannsdóttir fyrrverandi alþingismaður, Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur og teymisstýra Sigurhæða og Anna Björg Stefánsdóttir Soroptimistaklúbbi Suðurlands sem jafnframt hefur gegnt starfi verkefnisstjóra Sigurhæða frá 1.júní s.l.

Nefndin lauk störfum í október 2025. Stjórn soroptimistaklúbbsins fékk tilöguna til umsagnar og á félagsfund þann 24.nóvember s.l. var tillaga undirbúningsnefndar að stofnun sjálfseignarstofnunar Sigurhæða samþykkt samhljóða. Stofnfundur var svo haldinn á Hótel Stracta á Hellu 15.desember s.l. og sóttu fundinn rúmlega 40 manns. Fundarstjóri var Elín Björg Jónsdóttir fyrrv. formaður BSRB. Þar var kosið í stjórn og fulltrúaráð hinnar nýju sjálfseignarstofnunar. Ingibjörg Stefánsdóttir Soroptimistaklúbbi Suðurlands var kosinn formaður stjórnar og Sólveig Ingdóttir Soroptimistaklúbbi Suðurlands mun gegna formennsku fulltrúaráðs. Ingibjörg rakti aðdragandann að stofnun Sigurhæða og



Ingibjörg Stefánsdóttir

starfi þeirra. Tónlistaratriði var frá Tónlistarskóla Rangæinga og í lok fundar var boðið upp á léttar veitingar.

Það er ósk okkar allra, sem að Sigurhæðum stöndum, að þær verði sunnlenskum konum og fjölskyldum þeirra vörn og skjól um ókomin ár.


Ingibjörg Stefánsdóttir formaður stjórnar sjálfseignarstofnunar Sigurhæða og fráfarandi formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands.



Fulltrúaráð Sigurhæða t.f.v Gunnar Þór Snorrason, Sólveig Eyvindsdóttir, Sólveig Þórðardóttir, Sólveig Ingadóttir, Ása Björg Þorvaldsdóttir, Sigríður M. Jónsdóttir og Svava Davíðsdóttir. Á myndina vantar Birnu Guðrúnu Jónsdóttur og Helgu Lind Pálsdóttur.



Katrín Ósk Þorgeirsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Svanhildur Ólafsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Arndís Soffía Lárusdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir og Gunnbjörg Björnsdóttir.



Sjálfseignarstofnun



Sigurhæðir Fagurgerði 2 Selfossi

Agla var efnilegust judokvenna 2025

Á nýafstöðnu lokahófi hjá Judosambandi Íslands voru veittar viðurkenningar fyrir árangur núliðandi árs. Meðal annara viðurkenninga var tilkynnt um hver þótti efnilegastur hjá körlum og konum. Agla Ósk Ólafsdóttir úr Judofélagi Suðurlands var kjörin efnilegust kvenna megin ásamt Emmu Thuringer úr JR. Agla Ósk hefur komið með mjög öflugum hætti inn á sjónarsviðið í ár og hefur skilað fjölmörgum titlum í hús. Skemmst er að minnast þess að hún var Íslandsmeistari U18 -63kg. Sem þýðir að hún er að keppa undir 18 ára og keppir í þyngdarflokki þeirra sem eru undir 63 kg.

Til viðbótar keppti Agla Ósk á mjög sterku móti í Lundi í Svíþjóð og hafði sigur í fyrstu tveimur glímum sínum. Þjálfari Öglu á mótinu var Sara Ingólfsdóttir sem jafnframt sótti þjálfaranámskeið sem haldið var í kjölfar móts ásamt æfingabúðum.

Agla Ósk er að koma í kjölfar sigursælla kvenna hjá Judofélagi Suðurlands og má segja



F.h. Agla Ósk Ólafsdóttir og Sara N. Ingólfsdóttir, þjálfari Öglu.

að kvennasveit okkar Sunnlendinga sé sannkölluð Valkyrju-sveit.

Þessi árangur kvenna í Judo er til fyrirmyndar og vilja forráðamenn hvetja allar konur og ungar stúlkur til að læra sjálfsvörn en æft er kl. 18:30 í World Class á Selfossi alla virka daga.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRAGA AF VINÁTTU!
Josera
Fæst hjá **BYKO Selfossi**

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismíði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar
NÝLAGNIR - HITAKERFI FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR
Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Hægt er að senda inn fréttatilkynningar á netfangið dfs@dfs.is

Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA
848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN
GBHUSEHF@GMAIL.COM
GB HÚS
SÍMI: 848-0964

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR
KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM
S: 692-2575
800 SMÍÐI

Stíflubjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFJR 20 ÁRA REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum Myndun lagna Rótarskurður o.fl.

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is